

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 62. fundur.

að Hlíðavegi 6, 10. september 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 15. júlí.
3. Bréf Eypins dags. 30. júní, v/endurnýjunar á menningarsamningi.
4. Erindi Margrétar Bóasdóttur v/Sumartónleika við Mývatn.
5. Erindi frá Sýslumanni dags. 23. júlí, þar sem óskað er umsgagnar um breytingu á forsvarsmanni Voga ferðapjónustu.
6. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 10. ágúst.
7. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 26. ágúst.
8. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis dags. 28. ágúst.
9. Skipun Slægjunefndar.
10. Ráðning kennara við Tónlistarskólann.
11. Samningur um félags - og skólapjónustu.
12. Bréf Landeigendafélags Reykjahlíðar dags. 2. sept.
13. Bréf Unnars Stefánssonar dags. 4. sept. f.h. vinabæjanefndar Norræna félagsins á Íslandi.
14. Umsagnir og athugasemdir vegna auglýstra breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 og minniháttar breytinga á Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.
15. Styrkbeiðni Golfsklúbbs Mývatnssveitar, var frestað á fundi 3. júlí.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 26 júní.

Fundargerð stjórnar DA dags. 8. júlí.

Bréf Félags fagfólks í frítímaþjónustu dags. 15. júlí.
Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 28. ágúst.
Hugmynd að samvinnu Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Skútustaðahrepps um þjónustu við eldri íbúa sveitarfélagsins.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

- 1. Fundarsetning.**
Oddviti setti fund.
- 2. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 15. júlí.**
Engin liður fundargerðarinnar á við um Skútustaðahrepp.
- 3. Bréf Eyþins dags. 30. júní, v/endurnýjunar á menningarsamningi.**
Með bréfi dags. 30. júní óskar Pétur Þór Jónasson f.h. Eyþings eftir endurnýjun á samstarfssamningi sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál. Sveitarstjórn samþykkir erinið.
- 4. Erindi Margrétar Bóasdóttur v/Sumartónleika við Mývatn.**
Með bréfi óskar Margrét Bóasdóttir f.h. Sumartónleika við Mývatn eftir stuðningi sveitarfélagsins við tónleikana, kr. 75.000,-. Fram kemur í bréfinu að þetta sé 23 starfsárið.
Sveitarstjórn samþykkir erindið en vill í þessu sambandi taka fram eins og fram kemur hjá bréfitara að þetta sé 23 starfsár Sumartónleika við Mývatn, Skútustaðahreppur hefur styrkt verkefnið flest árin, eins er um verkefnið Kórastefna við Mývatn þar sem stuðningur sveitarfélagsins hefur numið um 500-700 þúsund kr. á ári undanfarin ár og er þá ekki tekið tillit til afnota af íþróttahúsi og grunnskóla sveitarfélagsins. Þrátt fyrir mikla og góða óeigingjarna vinnu aðstandenda tónleikanna verða menn kannski að fara að velta fyrir sér hvor reka eigi verkefnið áfram á styrkjum eða hvort ekki sé tími til kom að þau fari að bera sig.
- 5. Erindi frá Sýslumanni dags. 23. júlí, þar sem óskað er umsagnar um breytingu á forsvarsmanni Voga ferðaþjónustu.**
Sveitarstjórn samþykkti með tölvupósti 24. júlí breytingu á forsvarsmanni á rekstrarleyfi Voga ferðaþjónustu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að Halldór Gunnar Karlsson verði forsvarsmaður fyrirtækisins í stað Þuríðar Helgadóttur.
- 6. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 10. ágúst.**
Sveitarstjórn samþykkti 2. lið fundargerðarinnar um niðurjöfnun gangna á Austurfjöllum með tölvupósti 11. ágúst s.l. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.
- 7. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 26. ágúst.**

Liður 1, þar sem sveitarfélagið óskar eftir byggingarleyfi fyrir neysluvatnstanki og liður 2, þar sem óskað er eftir endurnýjuðu byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Geiteyjarströnd 1, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Bygginganefndar.

8. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis dags. 28. ágúst.

Með bréfi býður fjárlaganefnd Alþingis fulltrúum sveitarfélaga til viðtals vegna verkefna heima í héraði. Að venju eru fundirnir haldnir í höfuðborginni í lok september og áætlað að hvert sveitarfélag fái 15-20 mínútur með nefndinni.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps sér ekki tilgang í að leggjast í ferðalag til höfðuborgarinnar fyrir 15-20 mínútna fund, og afþakkar því gott boð. Fjárlaganefnd verður þess í stað sent bréf þar sem áherslum sveitarstjórnar verður komið á framfæri.

9. Skipun Slægjunefndar.

Að þessu sinni kemur í hlut íbúa milli Laxár og Eldár að annast Slægjufund. Sveitarstjórn samþykkir að skipa Egil Freysteinnsson, formann nefndarinnar.

10. Ráðning kennara við Tónlistarskólann.

Í júlí s.l. auglýsti sveitarstjórn lausa til umsóknar stöðu tónlistarkennara við Tónlistarskólann. Umsóknir bárust frá Jan Aalavere og Mauricio og Kelly Weimar, en tvö þau síðarnefndu eru að hefja tónlistarkennslu við Hafalækjaskóla.

Eftir umsögn frá skólastjóra Tónlistarskólans samþykkti sveitarstjórn með tölvupósti að ráða Jan Aalavere til starfans.

11. Samningur um félags – og skólalþjónustu.

Frestað til næsta fundar.

12. Bréf Landeigendafélags Reykjahlíðar dags. 2. sept.

Frestað til næsta fundar.

13. Bréf Unnars Stefánssonar dags. 4. sept. f.h. vinabæjanefndar Norræna félagsins á Íslandi.

Með bréfi er spurst fyrir um hvort hreppsnefnd Skútustaðahrepps vilji að sveitarfélagið eignist vinabæ annars staðar á Norðurlöndunum eða gerist aðili að norrænni vinabæjakeðju. Í bréfinu kemur fram að einfalt sé að stofna til vinabæjatengsla. Hlutaðeigandi sveitarstjórn gerir samþykkt um að hún vilji eignast tiltekið sveitarfélag sem vinabæ eða vilji gerast aðili að vinabæjakeðju sem fyrir er. Fulltrúi eða fulltrúar vinasveitarfélagsins koma þá væntanlega í heimsókn og staðfesta gjörninginn. Samskiptin eftir það eru yfirleitt fólgin í samskiptum milli sveitarstjórnanna t.d. með gagnkvæmum kynnisferðum, heimsóknum á vinabæjamót sem í mörgum keðjum eru haldi á fjögurra ára fresti, samskiptum milli skóla sem einna helst eru fólgin í kennara- og/eða nemendaskiptum.

Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að skoða þetta mál nánar.

14. Umsagnir og athugasemdir vegna auglýstra breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 og minniháttar breytinga á Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Sveitarstjórn auglýsti samhliða breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 og minniháttar breytingu á Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 í júlí s.l. Auglýsingarnar birtust í Morgunblaðinu þann 26. Í vefútgáfu Lögbirtings þann 27, jafnframt því sem dreifibréf var borið í hvert hús. Athugasemdafrestur rann út 7 september.

Umsagnir og athugasemdir bárust frá:

Skipulagsstofnun dags. 17. Ágúst.

Fljótsdalshéraði dags. 20. Ágúst.

Umhverfisstofnun dags. 21. Ágúst.

Fornleifavernd ríkisins Minjavörður Norðurlands eystra dags. 21. Ágúst.

Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 27. Ágúst.

Landsvirkjun dag. 3. September.

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands dags. 4. September.

Veiðifélagi Mývatns dags. 4. September.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að fara yfir athugasemdirnar með skipulagshöfundi. Að öðru leyti er afgreiðslu á þessum lið frestað.

15. Styrkbeiðni Golfklúbbs Mývatnssveitar, var frestað á fundi 3. júlí.

Sveitarstjórn frestaði á fundi sínum 3. Júlí s.l. að taka til afgreiðslu þann hluta styrkbeiðnar GM þess efnis að Skútustaðahreppur styrkti Golfklúbbin um kaup og frágang á rotþró við nýtt hús félagsins.

Í byrjun september samþykkti sveitarstjórn með tölvupósti að styrkja GM um rotþróna, frágang á henni verður félagið að sjá um sjálf.

Kristján tók ekki þátt í umræðum og afgreiðslu þessa máls.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir.